

Til allra foreldra og forráðamanna barna í Lundarseli.

- *Varðandi grímur í aðlögun, niðurfellingu á kynningarfundum fyrir nýja foreldra svo og PMT kynningu. Svo og ítrekun á því að staldra stutt við í fataherberginu og engar heimsóknir inn á deildir.*

Aðgengi foreldra verður takmarkað að húsnæði leikskólans til að tryggja smitgát. Það hefur áhrif á aðlögun nýrra barna og líka aðgengi allra foreldra og forráðamanna að skólanum.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra sem átti að vera á mánudaginn, 10.ágúst fellur niður, en glærुकynning verður send í tölvupósti. PMT foreldrafærni námskeiðið sem var á áætlun 27.ágúst fellur líka niður.

Í aðlögun nýrra barna nú í ágúst **þurfa foreldrar að vera með grímur** og gæta að hámarks sóttvörnum með handþvotti og handsprittun.

Við biðjum foreldra að sýna börnunum grímurnar áður en aðlögun hefst, jafnvel að hafa æfingu heima fyrir svo þau hræðist ekki foreldri sitt með grímu. Foreldrar koma með sínar grímur þessa aðlögunardaga.

Eins munum við undirbúa barnahópin sem fyrir er í leikskólanum með grímusýningu.

Foreldrar þurfa að bera grímu í aðlöguninni af því við getum ekki tryggt 2 metra regluna á meðan aðlögun fer fram.

11. ágúst eru 6 ný börn að byrja á Kríudeild og 2 ný börn á Kisudeild.

25. ágúst eru 7 ný börn að byrja á Kríudeild, 6 ný börn á Kisudeild, 3 ný börn á Bangsadeild og 3 ný börn á Lundadeild.

Almannavarnir segja : „*Þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð milli ótengdra einstaklinga með fjöldatakmörkun verði krafist notkunar andlitsgrímu sem hylur nef og munn.*“

Fyrst og fremst viljum við ekki þurfa að grípa til íþyngjandi aðgerða eins og að fresta aðlögun.

Aðlögunarplanið okkar breytist örlítið en í megindráttum eru breytingar í formi þess að hádegismaturinn dettur út á degi tvö.

Það er líka innanhúss-aðlögun í Lundarseli núna í ágúst, börn eru að flytja á milli deilda. Það er venjan að bjóða foreldrum að heimsækja nýju deild barnsins, en það **verður ekki í boði** þetta haustið.

Öðrum foreldrum en aðlögunar-foreldrum ber ekki skylda að bera grímur, af því þeir foreldrar **eiga að staldra mjög stutt við** í leikskólanum.

Bara eitt foreldri kemur með og sækir hvert barn, sprittar hendur við innganginn og staldrar stutt við í fataherbergi leikskólans. Ef margir foreldrar eru í fataherbergi þarf að fara í röð úti og bíða um stund, til að tryggja 2 metra regluna. (Ef þetta fyrirkomulag gengur ekki þá munum við setja dyrabjöllur við alla innganga til að stýra umferð inn í húsið.)

Við hvetjum ykkur til að hafa samband við starfsfólk leikskólans í gegnum síma og netföng, því við viljum halda góðu sambandi. Símanúmer og netföng má finna inná heimasíðuskólans. (<http://lundarsel.karellen.is/> og <http://lundarsel.karellen.is/Stjornun/Starfsfolk>)

Allt getur þó tekið breytingum með skömmum fyrirvara þessa dagana og því biðjum við alla að fylgjast með tölvupósti frá leikskólanum.

Bestu kveðjur Helga Maríu Þórarinsdóttir, Aðstoðarleikskólustjóri í Lundarseli.
vs 462-5883 og gsm 868-2356.